

Nd.

92. Framvarp

til laga um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi til skipsuppsáturs fyrir almenning landspildu á Bolungarvíkurmölum, kringum brimbrjótinn, ásamt öllum mannvirkjum og byggingum, er á landspildunni standa.

2. gr.

Stærð spildunnar er 4000 fermetrar, 78 metrar á lengd og 51 til 52 metrar á breidd að meðaltali; takmarkast hún að norðanverðu af ytri lóðarmerkjum Árna E. Árnasonar, Jóns I. Nordkvists og Hannesar Guðjónssonar, að sunnanverðu af ytri lóðarmerkjum svonefndrar Eyfirðingalóðar, að vestanverðu af götunni og að austanverðu af sjónum.

3. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Greinargerð.

Bolungarvíkurmálir eru einstakra manna eign. Á þeim hvílir sú kvöð, að almenningur á þar frjálst skipsuppsátur gegn umsömdum vertolli. Málirnar eru löng strandlengja fyrir opnu hafi, og lending því nær jafnill á þeim öllum. Á þessu hefir þó orðið allmikil breyting síðan brimbrjóturinn var byggður. Þó bygging hans sje enn ekki svo langt komið sem æskilegt væri, er hann þegar orðinn mikil lendingarbót; hefir innanvert við hann myndast á nokkru svæði allgott var fyrir brimi og hafsjó. Á svæði þessu hafa verið reist hús og byggingar, svo nærri sjónum, að örugt uppsátur er þar ekki, að sögn hreppsnefndarinnar, í haust- og vetrarbrimum nema fyrir 6 vjelbáta. Tilætlun hreppsnefndarinnar með eignarnáminu er, að hreppurinn fái landspildu þessa til eignar og umráða og lendingin verði bætt svo á þessu svæði, að hún nægi öllum bátaútvegnum í Bolungarvík, að minsta kosti á haust- og vetrarvertíðinni. Á vorvertíðinni, þegar bátafjöldinn er margfalt meiri, hefir almenningur vjelbáta sína á floti milli sjóferða.

Að öðru leyti visast til umsagnar hreppsnefndarinnar í brjefi hennar til þingsins, dagsettu 7. febrúar þ. á., sbr. neðanprentað fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Tilgangurinn með beiðni þessari er sá, að tryggja sem best að brimbrjóturinn geti komið að fullum notum fyrir útveginn og almenning yfir höfuð. Eins og nú er ástatt hafa 6 bátar uppsátur á þessu svæði, og fleiri geta ekki komist að vegna húsa og annara mannvirkja. Ef hreppurinn eignaðist landið, myndi hann bæta lendinguna, svo að 12—15 bátar gætu haft fast uppsátur á svæðinu næst fyrir innan brimbjótinn, eða á sama svæðinu og nú þarf fyrir 6—7. Að því loknu er áformað að færa burtu hús, sem byggð hafa verið of nærri sjónum til þess að hægt sje að selja upp tvöfalda röð af bátum þegar brimasamt er og ilt að lenda fjær brjótnum. Þegar húsin hafa verið færð burtu og tæki til að selja bátana komin í staðinn, gætu allir bátar, sem hjeðan ganga, fengið að lenda í skjóli við brimgarðinn. Verbúðum og öðrum húsum, sem nauðsynleg eru til útgerðarinnar, mundi verða komið fyrir sem haganlegast á þeim hluta lóðarinnar, er fjærst liggur sjónum. Alt þetta þarf að gera til þess að útvegurinn geti notað sem best skjól það, sem brimbjóturinn myndar, en það verður tæplega gert á annan hátt en þann, að hreppurinn fái einn fullkominn eignar- og umráðarjett á landspildu þeirri, sem hjer er um að ræða.

Vitðingarfullst.

Bolungarvík, 7. febrúar 1921.

F. h. hreppsnefndarinnar í Hólshreppi.

Jón J. Fannberg,
oddviti.